

hunda skulu hreinsunarmenn drepa hvar sem þeir hitta þá, svo og þá hunda, **70**
er eigi hafa notið hreinsunar. **27. apríl**

7. gr.

Greiða skal hreinsunarmönnum 40 aura fyrir hreinsun hvers hunds; en þá er hundurinn talinn hreinsaður, er hann fær niðurgang af lyfinu. Fyrir að drepa ómerkta hund eða hund, sem eigi hefir verið hreinsaður, skal gjalda hreinsunarmanni 25 aura.

Sýslusjóður geldur hreinsunarmönnum, borgar bækur þeirra og lyfið.

8. gr.

Hreppstjórar skulu gæta þess vandlega, að reglugjörð þessari sje fylgt, og skulu þeir drepa eða láta drepa hvern hund, er þeir hitta ómerkta, svo og hunda, er eigi hafa notið hreinsunar.

9. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða hreinsunarmenn 2—10 kr. sektum, en almenning 1—10 kr. sektum. Ljóstari annar en hreppstjóri upp broti, fær hann helming sektar, en hinn helmingurinn rennur í sýslusjód. Standi öðruvisi á, rennur öll sektin í sýslusjód.

Mál útaf brotum á reglugjörðinni sæta meðferð opinberra lögreglumála.

10. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi mánuði eptir að hún birtist í Stjórnartíðindunum, og er hin eldri reglugjörð frá 4. apríl 1896 þá jafnframt úr gildi numin.

Stykkishólmur hinn 27. apríl 1898.

I nafni sýslunefndarinnar.

Lárus H. Bjarnason.

Reglugjörð

71

fyrir Strandasýslu um lækning hunda af bandormum.

1. gr.

Hreppsnefndinni í hverjum hreppi skal falið á hendur að annast um lækning hunda af bandormum og útnefni hún sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn eptir stærð og þjettbýli hreppanna, og skulu allir þeir, sem þannig eru skipaðir til hundalækninga, sjeu þeir ei öðrum háðir, skyldir til að hlýða ákvæðum nefndarinnar.

2. gr.

Lækninguna á hundunum skal hreppsnefndin láta fram fara í öllum hreppnum einu sinni á ári hverju í nóvembermánuði öndverðum.

3. gr.

Sjerhver hundaeigandi er skyldur til að hafa hund sinn á þeim stað, er

71 lækningamaður ákveður, þá er lækning skal framfara og til að veita lækningamanni nauðsynlega hjálp. En hvar og hvenær lækningin fer fram í hverjum hreppi, ákveða lækningamenn fyrirfram og tilkynna hlutaeigendum með nægum fyrirvara.

Valdi forföll að hundur komi ei til lækninga, skal eigandi hans svo fljótt sem unnt er, láta lækna hann samkvæmt ráðstöfun lækningamanns, en áltíð ella hafa skotið honum undan lækningu.

4. gr.

Lækningunni skal hagað þannig, að hverjum hundi sje gefin inn 6 gröm af arekaduþti eða 8 gröm af kamaladuþti, hrærðu út í vatni, graut eða mjólk eða í öðru, sem lostætt er fyrir hundana, en verki ekki meðalið, skal itreka inntökuna eptir 3 tíma. Vanalega fá hundarnir klýju eptir inntökuna, en reyna verður að koma í veg fyrir að þeir selji upp fyrsta hálf tíman eptir inntökuna með því að hafa af fyrir þeim, vekja hug þeirra á einhverju, láta vel að þeim eða, ef það ekki dugar, þá að gjöra þá sneipta. Gæta skal þess að meðalið sje gefið inn á fastandi maga. — Eptir að hundunum er gefið inn, skal loka þá inni í útihýsi, sem hvorki sje fjárhús nje heyhlaða, að minnsta kosti 12 tíma eptir inntökuna, og skal þeim ekkert gefið þann tíma. Áður en hundunum er sleppt, skal baða þá úr fjárbaði eða öðrum ormdrepandi legi.

Hús það, er lækningin hefir farið fram í, skal hreinsa vandlega á eptir, og brenna allt, sem gengið hefir niður af hundunum, eða grafa að minnsta kosti 2 álnir í jörð niður.

5. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli lækningatíma, skal tilkynna það lækningamönnum, og gjöra þeir þá ráðstafanir til að lækna þá svo fljótt sem unnt er. En ekki verða þeir hundar samt undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipaða tíma.

6. gr.

Skyldur er hver hundeigandi að hafa helsi á hundi sínum, er á sje grafið nafn heimilisins. Tilbúningur nafnspjaldanna fer fram undir umsjón sýslunefndarinnar, en hreppstjóri pantar skildina hver fyrir sinn hrepp og annast síðan um sölu á þeim til hundeiganda.

Rjettdræpur skal hver fullorðinn hundur, sem ekki ber helsi missiri eptir að reglugjörð þessi öðlast gildi.

7. gr.

Hreppsnefndin skal hafa bók, sem löggild er af sýslumanni og borguð úr sýslusjóði; skal hún á hverju ári rita í hana skrá yfir hundaeigendur í hreppnum og tölu þeirra hunda, er hún hefir haft til lækninga það árið frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skal hún senda hreppstjóra skýrslu samhljóða bókinni og eunfremur hlutaeigandi hjeradslækni skrá yfir, hversu mörgum hundum hafi verið gefið inn og á hve marga meðalið hafi verkað.

8. gr.

Sýslunefndin annast útvegum meðalsins, og sjer um útbýtingu á því

meðal hreppsnefndanna. Sýslusjóður borgar meðalið og 30 aura fyrir lækningu á hverjum hundi. **71**

9. gr.

Lækningamenn skulu iðulega áminna um að hundar eigi náí að jeta sulli, og að sterkar gætur sjeu hafðar á því, að þeir eigsaurgi matar eða vatnsflát nje fái að liggja í rúmum manna. Börnum sje ekki leyft að leika sjer að hundum.

10. gr.

Öll vanræksla og brot gegn reglugjörð þessari varða allt að 10 króna sekt, sem sýslumaður ákveður eptir málavöxtum. Sektirnar renna í sýslusjóð.

11. gr.

Hreppstjórar skulu skyldir til að hafa nákvæmt eptirlit með að reglugjörð þessari sje fylgt.

12. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. októbermán. 1898.

* * *

Samþykkt á aðalfundi sýslunefndarinnar í Strandasýslu 1898.

S. E. Sverrisson.

Reikningur

72

yfir tekjur og gjöld framfarasjóðs Jóns prófests Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs fyrir árið 1897.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1896:		
a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd 11.1 hndr. að dýrl.,		
virt á	kr. 800,00	
b. Í söfnunarsjóði Íslands, auk vaxa fyrir árið 1896	— 122,39	kr. 922,39
2. Landskuld í fardögum 1897, 40 áln. á 52 aur., eptir		
• verðlagsskrá Dalasýslu 1897—1898	— 20,80	
3. Leigur haustið 1897, 40 pd. smjörs, selt á 50 aura pundið	— 20,00	
4. Vextir af inneign í söfnunarsjóði fyrir árið 1896	— 3,36	
5. — — — — — 1897	— 4,91	
Tekjur alls:	— 971,46	

Gjöld:

1. Í sjóði við árslok 1897:		
a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd 11.1 hndr. að dýrl.		
virt á	kr. 800,00	
b. Í söfnunarsjóði Íslands	— 171,46	kr. 971,46
Gjöld alls:	— 971,46	

Skrifstofu Arnessýslu, 26. marzmán. 1898.

Sigurður Ólafsson.